



Námsgrein / Heildstætt verkefni: Lífsleikni

Tímabil: Skólaárið 2024-2025

Námsmarkmið:

Að nemandi:

- læri að bera ábyrgð á eigin hegðun
- þjálfist í að taka ábyrgð á námi sínu
- geti greint tilfinningar sínar og hvernig á að vinna með þær
- læri að róa líkamann
- þekki þarfir sínar samkvæmt *Uppeldi til ábyrgðar*
- þekki eigin styrkleika og komi auga á þá
- þekki eigin mörk og annarra
- geti tekið þátt í bekkjarfundum og rætt um eigin líðan og annarra
- þekki og virði sína líkamsvitund og geti sett sér og öðrum mörk
- fái tækifæri á að efla sjálfsmynd sína með því að koma fram fyrir aðra, vera með upplestur og taka þátt í leikþáttum.

Verkefni:

Verkefni unnin tengd *Uppeldi til ábyrgðar (uppbyggingu sjálfsaga)*. Nemendur ræða mismunandi hlutverk nemenda og kennara. Nemendur vinna bekkjarsáttmála þar sem þeir hafa skilgreint *mitt* og *þitt* hlutverk.

Reglulegir bekkjarfundir þar sem ýmis málefni bekkjarins verða rædd og allir fá tækifæri á að tjá sig.

Lögð er áhersla á samvinnu og unnið verður í hópum eða paravinna á stöðvum en einnig verður einstaklingsvinna. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar og skapandi.

Námsefni/kennslugögn:

- *Verkfærakistan*
- Gögn tengd *Uppeldi til ábyrgðar*
- *Hugarfrelsi / Jóga*
- Verkefnavika: vika sex – teiknimyndin Leyndarmálið
- Annað ítarefni

Námsmat

- Munnleg endurgjöf til nemenda
- Skriflegt námsmat að vori